

Fundargerð Landbótasjóðs miðvikudag 21. janúar 2015

Fundur í nýrri stjórn landbótasjóðs.

Allir aðalmenn mættir, auk Lárusar Heiðarssonar til aðstoðar.

1. Verkaskipting stjórnar. Eiríkur Kjerulf formaður. Jóhann Þórhallsson gjaldkeri og Anna Bryndís ritari.
2. Síðastliðið sumar kom fram ósk um styrk til frækaupa og áburðarkaupa í skriður sem féllu á Glúmsstöðum 1 og Skriðuklaustri. Stjórn samþykkti styrkbeiðnina og staðfestist það hér með.
3. Ákveðið var að senda útprentaða loftmynd af þeim jörðum sem fá vilyrði fyrir styrk. Styrkur verði ekki greiddur fyrr en reikningum og mynd með merktum stöðum hefur verið skilað.
4. Formanni falið að auglýsa eins og verið hefur:

**Landbótasjóður Fljótsdalshrepps auglýsir eftir umsóknum um styrki til landbótaverkefna 2015.**

Umsóknareyðublöð og úthlutunarreglur liggja frammi á skrifstofu hreppsins og á heimasíðunni [www.fljotsdalur.is](http://www.fljotsdalur.is)

Skilafrestur umsókna er til 17. febrúar og sendist merkt:

Landbótasjóður Fljótsdalshrepps

Végarði

701 Egilsstaðir

Stjórnin

5. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.30  
Anna Bryndís fundarritari (*sign*)  
Eiríkur Kjerulf (*sign*)  
Jóhann F. Þórhallsson (*sign*)